


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	ÍSL 203	
Síða 1 af 2		

Kennari	Ásbjörg Benediksdóttir	Sk.st.	ÁBE
----------------	------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing: Í áfanganum verður lesin norræn goðafræði og nemendur kynna hugmyndaheimi norrænna manna til forna. Nemendur fá kynningu og þjálfun í meðferð heimilda við gerð heimildaritgerða og skrifa verkefni og ritgerð um goðafræði. Einnig verður fjallað um mál og málsögu frá frumnorrænum tíma til okkar daga. Loks vinna nemendur starfsumsókn og ferilskrá, lesa eina nýlega íslenska skáldsögu og vinna verkefni sem tengjast henni.

Markmið:

Að nemandi:

- geti skrifað formlega starfsumsókn, auk ferilskrár.
- þekki helstu atriði í sögu norrænnar goðafræði.
- kynnist helstu aðferðum við meðferð tilvitnana, tilvísana og heimilda í ritgerðasmíði.
- læri að vinna heimildaritgerð.
- þekki sögu íslenskrar tungu frá upphafi til okkar daga.
- þekki helstu einkenni íslenskunnar og tengsl hennar við önnur tungumál.
- rifji upp helstu hugtök í bókmenntagreiningu og geti beitt þeim í ræðu og riti.


Námsgögn: *Íslenska tvö* eftir Ragnhildi Richter, Sigríði Stefánsdóttur og Steingrím Þórðarson, útgefandi Mál og menning 2007 eða síðar. Skáldsagan *Skugga-Baldur* eftir Sjón, útgefandi Bjartur, útgáfa frá 2010.

Áætlun um yfirferð:

1. lota (4 vikur) 7.1. - 1.2.

Íslenska eitt (ljósrít): Unnin starfsumsókn og ferilskrá.

Íslenska tvö: Norræn goðafræði; bls. 10-21, 33-34, 56-65, 71–89, 131-137, 188-200, 230-234, 300-308 og 328-332. Farið verður yfir helstu þætti norrænnar goðafræði, um upphaf heimsins og lok hans, skv. norrænni trú, og fjallað um helstu goð og vætti. **Nemendur halda stutta fyrirlestra um efnið sem gilda 10% af lokaeinkunn. Lotunni lýkur á prófi úr norrænni goðafræði sem gildir 20% af lokaeinkunn.**

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	ÍSL 203 Kennsluáætlun – Vorönn 2013	
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

2. Iota (2 vikur) 4. 2. - 15. 2.

Íslenska tvö: Heimildavinna; bls. 37-47, 92-104 og 137-157. Farið verður yfir aðferðir við meðferð og frágang heimilda og gerð heimildaskrár. **Nemendur vinna stutt heimildaverkefni um norræna goðafræði, gildir 10% af lokaeinkunn.**

3. Iota (3 vikur) 18. 2. - 8. 3.

Heimildaritgerð unnin um norræna goðafræði. **Ritgerðin gildir 25% af lokaeinkunn.**

4. Iota (3½ vika) 11. 3. - 12. 4. (Páskafri klýfur þessa lotu)

Íslenska tvö: Málsaga; bls. 48-51, 105-110, 116-130, 172-185, 218-227 og 280-288. Farið verður yfir sögu og einkenni íslensks máls og skyldleika við önnur tungumál. **Lotunni lýkur með prófi úr málsögu sem gildir 20% af lokaeinkunn.**

5. Iota (2½ vikur) 15.4. - 30. 4.

Skugga – Baldur: Sagan lesin og rædd. **Lotunni lýkur með verkefni sem gildir 10% af lokaeinkunn.**

Námsmat og vægi námsþátta:

Starfsumsókn og ferilskrá	5%
Fyrirlestur um goðafræði	10%
Próf úr goðafræði	20%
Heimildaverkefni	10%
Heimildaritgerð	25%
Próf úr málsögu	20%
Verkefni úr <i>Skugga – Baldri</i>	10%

Ekki er lokapróf í áfanganum en nemendur verða að skila heimildaritgerðinni til þess að fá að ljúka honum. Áhersla er lögð á góða mætingu, ástundun og að verkefnum sé skilað á tilskyldum skiladegi, sbr. reglur um verkefnaskil. Nemendur þurfa að tilkynna skrifstofu VMA ef þeir geta ekki mætt í próf eða skilað verkefnum á réttum tíma, vegna veikinda.

Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils